

## ADALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR - FRAMHALDSAÐALFUNDUR

Ár 2022, fimmtudaginn 22. desember var haldinn framhaldsaðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundurinn var haldinn um fjarfundarbúnað og hófst kl. 10:05.

Þessi sátu fundinn fyrir hönd eigenda: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri fyrir Reykjavíkurborg, Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri fyrir Akraneskaupstað og Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri fyrir Borgarbyggð.

Einnig sat fundinn stjórnarfélagið Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon og Vala Valtýsdóttir auk Bjarna Bjarnasonar forstjóra, Skúla Helgasonar borgarfulltrúa, Þorsteins Gunnarsson borgarritara og Brynhildar Davíðsdóttur stjórnarformanns sem stýrði fundi.

### Þetta gerðist:

Formaður stjórnar setti fund sem er framhaldsfundur eftir aðalfund 28. apríl 2022. Samþykkt var að formaður stýrði fundi og að fundarritari yrði Eiríkur Hjálmarsson. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins og lýsti hann lögmætan eftir að engar athugasemdir komu fram af hálfu eigenda við boðun hans.

#### 1. Lýsing á kjöri stjórnar.

Fyrir liggja erindi Borgarbyggðar, Akraneskaupstaðar og Reykjavíkurborgar um kjör sveitarstjórna sveitarfélaganna á stjórnarfélagi og áheyrnarfulltrúa.

Borgarstjóri upplýsti að vegna fæðingarorlofs væri tilhögun kjörs fulltrúa Reykjavíkurborgar tímabundin en ljóst væri að bæta þyrfti úr vegna ákvæða jafnréttis laga.

Kjörin voru:

Akraneskaupstaður:

Valgarður L. Jónsson og Kristinn Hallur Sveinsson til vara.

Reykjavíkurborg:

Gylfi Magnússon, sem jafnframt var kjörinn formaður, Kjartan Magnússon, Skúli Helgason, Vala Valtýsdóttir, Þórður Gunnarsson

og

Auður Hermannsdóttir, Björn Gíslason, Páll Gestsson, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir og Sara Björg Sigurðardóttir til vara.

Áheyrnarfulltrúi Borgarbyggðar:

Guðveig Lind Eyglóardóttir og Davíð Sigurðsson til vara.

Eigendur óskuðu bókaðar þakkir til Brynhildar Davíðsdóttur fyrir farsæla formennskutíð í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur í fjölbreyttum og mikilvægum verkefnum fyrirtækisins undanfarin ár og gott samstarf í hvívetna.

Brynhildur þakkaði það traust sem hún hefði notið af hálfu eigenda í formennskutíð sinni og gott samstarf við þá. Margt hefði áunnist í starfseminni ekki síst á sviði umhverfismála og að sjálfbærni væri nú leiðarljós í rekstrinum í hvívetna.

Gylfi Magnússon þakkaði eigendum traustið.

#### 2. Önnur mál.

Bjarni Bjarnason minnti á að ef ná ætti 40% marki í hlutfalli kvenna við kjör stjórnar þyrftu konur að vera þrjár, þ.e. helmingur stjórnarmanna.

Umræður um áform Reykjavíkurborgar um nýtt kjör stjórnarfólks á nýju ári.  
Fundarmenn óskuðu hverjum öðrum gleðilegrar hátíðar.

**Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 10:22**

Sævar Freyr Þráinsson

Stefán Broddi Guðjónsson

Dagur B. Eggertsson

# Undirritunarsíða

Dagur B Eggertsson

Sævar Freyr Þráinsson

Stefán Broddi Guðjónsson